

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Dalsmári 1. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 13. júlí 2026, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals, útivistarsvæðis, fyrir lóðina nr. 1 við Dalsmára. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir núverandi færanlegar skólastofur stækkar til norðausturs um 19,7 m x 22 m svo hægt sé að koma fyrir 135,1 m² færanlegri skólastofu. Fyrirhuguð skólastofa er á einni hæð með flötu þaki. Hámarks þak- og vegg hæð frá gólfi verður um 3,06 m. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. ágúst 2026.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 17. ágúst 2026